

Yfirlýsing


Kópavogsbær, kt. 700169-3759 og Handknattleiksfélag Kópavogs kt. 630981-0269, hér eftir nefnt HK, hér eftir sameiginlega nefndir aðilar, eru sammála um eftirfarandi forsendur við gerð samninga um rekstur íþróttamannvirkja í Vallakór (hér eftir nefnd Kórinn).

1. Frá gildistöku samninga um Kórinn fellur úr gildi rekstrarsamningur sömu aðila um rekstur Digranes. Samhliða kaupir Kópavogsbær hlut HK í Íþróttahúsi Digraness, Skálaheiði 2. HK er reiðubúið til að semja um að andvirði sölunar fari í stúkubyggingu við Vallarkór.
2. Aðalstjórn HK samþykkir að vinna með öðrum íþróttafélögum í bænum að stofnun sérsambands í Kópavogi (með aðild að UMFÍ).
3. Þjónustusvæði HK miðar við 2 km radius út frá Kórnum og miðar að því að notendur þurfi alla jafna ekki að fara lengri veg til að sækja æfingar. Þetta á fyrst og fremst við um knattspyrnu en aðrar greinar verða stundaðar í íþróttahúsum bæjarins utan þjónustusvæðis félagsins skv. ákvörðunum ár hvert. HK er opið öllum þeim sem þangað vilja sækja þjónustu.
4. Þar til keppnisaðstaða er fullbyggð í Kórnum hefur HK aðgang að keppnisaðstöðu í öðrum íþróttamannvirkjum Kópavogsbæjar með sambærilegum hætti og nú. Er þar m.a. átt við keppnisaðstöðu á Kópavogsvelli og Digranesi. Keppnisaðstaða í Kórnum telst fullbyggð þegar eftirfarandi hornsteinum hefur verið náð:
 - Lýsing og upphitun á knattspyrnuvöllum verði framkvæmd.
 - Búnings- og þjálfunaraðstaða meistarflokksleikmanna verði fullkláruð.
 - Áhorfendastúka við knattspyrnuvöll í samræmi við reglugerð KSÍ yfir lið í efstu deild er fullkláruð.
 - Áhorfendapallar, sæti og keppnisaðstaða í sal íþróttahúss séu fullkláruð.
5. Á næstu árum verður unnið að frekari uppbyggingu í Kórnum. Miðar sú uppbygging að því að koma almennu félagsstarfi HK fyrir í mannvirkinu og gerð keppnisaðstöðu fyrir handknattleik og knattspyrnu. Kópavogsbær tekur við rekstri Fagralundar þegar félags- og keppnisaðstaða er tilbúin í Kórnum.

Kópavogi, 13. desember 2013



F.h. Kópavogsbæjar



F.h. Handknattleiksfélags Kópavogs

Una María Óskard. Magnús Róslasar